

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	28.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Robert Williamson
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Ingi Magnússon	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson	Staðsetning	365596,685 431351,563

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í álver Norðuráls á Grundartanga. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram. Fráviki er fram kom við eftirlit 24. maí sl. telst lokið.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í álver Norðuráls á Grundartanga. Umfang eftirlitsins var eftifarandi:

1. Loft (gr. 3.3-3.12)
2. Úrgangur (gr. 3.20-3.23)
3. Önnur mál
4. Skoðunarferð

Rekstraraðili fór yfir losun í loft, uppbyggingu hreinsivirkja og verkferla rekstraraðila sem miða að því að draga úr losun frá álverinu. Farið var yfir niðurstöður innri mælinga það sem af er ári og mælist styrkur flúors, ryks og brennisteinstvíoxíðs í útblásturslofti innan starfsleyfismarka.

Við eftirlit 24. maí sl. kom fram frávik er varðar umhverfismörk utan þynningarvæðis á Grundartanga þar sem meðaltal flúoríðs fyrir árið 2021 var yfir starfsleyfismörkum. Úrbótaáætlun rekstraraðila var samþykkt 4. júlí sl. Í eftirliti nú var rætt um stöðu úrbóta vegna fráviksins. Fram kom að sett hefði verið upp önnur mælistöð við hlið mælistöðvarinnar á Kríuvörðu til samanburðar, gróðursýnatöku hefur verið bætt við í Kalastaðakoti. Rekstraraðili hefur fylgst náið með mælingum á Kríuvörðu sem og að boðaður hefur verið samráðsfundur með Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Hvalfjarðarsveit þann 15. desember til að fara yfir niðurstöður mælinga. Einnig kom fram að nú væru haldnir fundir á tveggja vikna fresti innan álvversins þar sem farið væri yfir rekstur og verklag og rýnt hvar væri möguleiki til úrbóta. Niðurstöður mælinga fyrir árið 2022 sýna að styrkur flúors á Kríuvörðu er nú undir starfsleyfismörkum og frávikinu telst því lokið.

Rætt var um úrgangsmál og losun í flæðigryfju. Rekstraraðili fór yfir verkferla við losunina og fram kom að einnig væri verið að skoða möguleika á meiri endurvinnslu sem myndi þá draga úr losun í flæðigryfjurnar. Stutt er eftir af líftíma númerandi flæðigryfja og á teikniborðinu að bæta við flæðigryfjum á svæðinu.

Farið var í skoðunarferð um kerskála og í flæðigryfjur og var ekki tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 16.12.2022

  
Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.